

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 31/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/421 frá 18. mars 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkestímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Aizawai af stofnum ABTS-1857 og GC-91, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Israeliensis (sermigerð H-14) af stofni AM65-52, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Kurstaki af stofnum ABTS 351, PB 54, SA 11, SA12 og EG 2348, *Beauveria bassiana* af stofnum ATCC 74040 og GHA, klódínafóp, klópyralíð, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýródiníl, díklórpróp-P, fenpýroxímat, fosetýl, *Lecanicillium muscarium* (áður „*Verticillium lecanii*“) af stofni Ve6, mepanípýrim, *Metarhizium anisopliae* (var. *anisopliae*) af stofni BIPESCO 5/F52, metkónasól, metrafenón, *Phlebiopsis gigantea* af stofnum FOC PG 410.3, VRA 1835 og VRA 1984, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA342, pýrimetaníl, *Pythium oligandrum* M1, rimsúlfúrón, spínósað, *Streptomyces* K61 (áður „*S. griseoviridis*“), *Trichoderma asperellum* (áður „*T. harzianum*“) af stofnum ICC012, T25 og TV1, *Trichoderma atroviride* (áður „*T. harzianum*“) af stofnum IMI 206040 og T11, *Trichoderma gamsii* (áður „*T. viride*“) af stofni ICC080, *Trichoderma harzianum* af stofnum T-22 og ITEM 908, tríklópýr, trínexapak, trítikónasól og síram ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/616 frá 5. maí 2020 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu fóramsúlfúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/617 frá 5. maí 2020 um endurnýjun á samþykki

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 84, 20.3.2020, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 143, 6.5.2020, bls. 1.

fyrir virka efninu metalaxýli-M og að takmarka notkun á fræjum sem eru meðhöndluð með plöntuverndarvörum sem innihalda það, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾.

- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/640 frá 12. maí 2020 um að samþykkja ekki útdrátt úr býþetti sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/642 frá 12. maí 2020 um samþykki fyrir grunnefninu L-systeíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/643 frá 12. maí 2020 um að samþykkja ekki rætur *Saponaria officinalis* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/646 frá 13. maí 2020 um samþykki fyrir virka efninu lavandúlýlsenesíóati sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/653 frá 14. maí 2020 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) 2019/706 að því er varðar CAS-númer virka efnisins karvóns ⁽⁸⁾.
- 9) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

⁽³⁾ Stj tíð. ESB L 143, 6.5.2020, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stj tíð. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 32.

⁽⁵⁾ Stj tíð. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 134.

⁽⁶⁾ Stj tíð. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 138.

⁽⁷⁾ Stj tíð. ESB L 151, 14.5.2020, bls. 3.

⁽⁸⁾ Stj tíð. ESB L 152, 15.5.2020, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðir bætast við í lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32020 R 0421**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/421 frá 18. mars 2020 (Stjtið. ESB L 84, 20.3.2020, bls. 7),

– **32020 R 0616**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/616 frá 5. maí 2020 (Stjtið. ESB L 143, 6.5.2020, bls. 1),

– **32020 R 0617**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/617 frá 5. maí 2020 (Stjtið. ESB L 143, 6.5.2020, bls. 6),

– **32020 R 0642**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/642 frá 12. maí 2020 (Stjtið. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 134),

– **32020 R 0646**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/646 frá 13. maí 2020 (Stjtið. ESB L 151, 14.5.2020, bls. 3),

– **32020 R 0653**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/653 frá 14. maí 2020 (Stjtið. ESB L 152, 15.5.2020, bls. 1).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 13zzzzzzzzzy (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/706):

„, breytt með:

– **32020 R 0653**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/653 frá 14. maí 2020 (Stjtið. ESB L 152, 15.5.2020, bls. 1).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzp (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/18):

„13zzzzzzzzzzq. **32020 R 0616**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/616 frá 5. maí 2020 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu fóramsúlfúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 143, 6.5.2020, bls. 1).

13zzzzzzzzzzr. **32020 R 0617**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/617 frá 5. maí 2020 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu metalaxýli-M og að takmarka notkun á fræjum sem eru meðhöndluð með

plöntuverndarvörum sem innihalda það, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 143, 6.5.2020, bls. 6).

- 13ZZZZZZZZZS. **32020 R 0640:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/640 frá 12. maí 2020 um að samþykkja ekki útdrátt úr býþétti sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 32).
- 13ZZZZZZZZZT. **32020 R 0642:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/642 frá 12. maí 2020 um samþykki fyrir grunnefninu L-systeíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 134).
- 13ZZZZZZZZZU. **32020 R 0643:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/643 frá 12. maí 2020 um að samþykkja ekki rætur *Saponaria officinalis* L. sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 150, 13.5.2020, bls. 138).
- 13ZZZZZZZZZV. **32020 R 0646:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/646 frá 13. maí 2020 um samþykki fyrir virka efninu lavandúlýsenesíóati sem áhættulitlu efni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 151, 14.5.2020, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/421, (ESB) 2020/616, (ESB) 2020/617, (ESB) 2020/640, (ESB) 2020/642, (ESB) 2020/643, (ESB) 2020/646 og (ESB) 2020/653 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.